



ÍSAFJARÐARBÆR

Innviðaráðuneyti  
Sölvhólsstötu 7  
101 Reykjavík

Ísafjörður, 26. janúar 2023

Málsnr. 2023010169

Þann 20. janúar 2023 barst Ísafjarðarbæ erindi innviðaráðuneytisins, um stjórn-sýslukæru Sigfúsar Bergmanns Öndarsonar og Guðmundar Gísla Geirdal, útgerðarmanna í Ísafjarðarbæ, (tilv. IRN23010114) þar sem kærð er ákvörðun Ísafjarðarbæjar um afgreiðslu á tillögum um sérreglur byggðakvóta hjá sveitarfélaginu frá 5. janúar 2023. Óskað var gagna málsins og enn fremur að sveitarfélagið geri grein fyrir athugasemdum vegna kærunnar eigi síðar en 17. febrúar 2023.

Þann 26. janúar 2023 barst Ísafjarðarbæ erindi innviðaráðuneytisins, um tvær stjórn-sýslukæru til viðbótar vegna sama máls, annars vegar frá Rúnari Karvel Guðmundssyni (tilv. IRN23010114) og hins vegar frá Gísla Páli Guðjónssyni (tilv. IRN23010114). Var frestur til svara jafnframt gefinn til 17. febrúar 2023.

Umræddar kæru bárust ráðuneytinu 16. janúar og 20. janúar 2023 og þar sem fram kemur að kærendur, fjórir útgerðarmenn í Ísafjarðarbæ, telji að stjórn-sýslulög hafi verið brotin og verklagsreglur ekki virtar varðandi afgreiðslu sérreglna byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ og að umsögn kæranda þar að lútandi hafi ekki verið tekin til efnislegrar umfjöllunar hjá sveitarfélaginu. Umsagnir kæranda (skv. fyrstnefndri kæru Sigfúsar og Guðmundar) vegna sérreglna um byggðakvóta sem send hafði verið sveitarfélaginu þann 2. janúar 2023 var jafnframt í viðhengi með kærinni.

Þar sem allar þrjár kærurnar eru með nákvæmlega sama orðlagi og málsástæðum mun Ísafjarðarbær hér að neðan veita umsögn og rökstuðning vegna málsins í einu lagi, auk þess sem öll gögn málsins verða send í einu lagi vegna allra þriggja kæra.

Kærendur byggja kæru sína á því að bæjarráð hafi ekki tekið málið fyrir, að sérreglur um byggðakvóta hafi einungis fengið þriggja mínútna umfjöllun í bæjarstjórn, þar sem bæjarstjóri einn tók til máls, að umsagnir sem bárust voru ekki lagðar fram og þannig ekki hægt að álykta að bæjarstjórn hafi tekið upplýsta ákvörðun, auk þess sem sveitarstjórnarlög kveði á um að taka þurfi málið fyrir í tveimur umræðum, sem ekki hafi verið gert, og að einhliða tillaga bæjarstjóra hafi verið samþykkt.

Þá telur kærandi að bæjarstjóri sé vanhæfur vegna stjórnarsetu í fjárfestingarfélaginu Hvetjanda hf., og jafnvel bæjarstjórn öll, þar sem Ísafjarðarbær eigi 19,48% hlut í félaginu. Þá séu eignatengsl Hvetjanda við hagsmunaaðila kvótareglna, en eignarhlutur Hvetjanda er 4,21% í Iceland Sea Angling hf., 19,23% í Fiskvinnslunni Íslandssögu hf. og 3,55% hlutur í Norðureyri ehf. (auk þess sem Norðureyri eigi 65% hlut í Íslandssögu). Þá sitji stjórnarformaður Hvetjanda í stjórn Íslandssögu.



Sveitarfélagið telur að misskilnings gæti í kæru kæranda, um að málið hafi ekki fengið

félagsins sem rétt getur átt á úthlutuðum byggðakvóta. Var bæjarstjórn gefinn frestur til 13. janúar 2023 til að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur, óskaði sveitarfélagið þess. Kæmu ekki fram tillögur myndi ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er. Til hagræðingar fylgdi með form til útfyllingar fyrir sveitarfélög vegna tillagna um sérreglur og rökstuðning, svo og leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórnar um sérstök skilyrði (sérreglur).

Í umræddum leiðbeiningum kemur eftirfarandi fram:

**Málsmeðferð sveitarstjórnar:** Sveitarstjórn tekur saman tillögur, telji hún þörf á því, og rökstuðning að sérreglum vegna byggðakvóta. Sveitarstjórn fjallar um tillögurnar á fundi og bókað er um afgreiðslu málsins í fundargerð. Erindi með tillögum með áritun sveitarstjórnar ásamt afriti af fundargerð er sent rafrænt til matvælaráðuneytis á tölvupóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

Fyrirgreint erindi matvælaráðuneytisins var tekið fyrir á 1224. fundi bæjarráðs, þann 19. desember 2022 og fól bæjarráð bæjarstjóra að kalla eftir sjónarmiðum íbúa og hagsmunaaðila og leggja fram tillögur um sérreglur á fundi bæjarráðs í janúar 2023.

Á vef sveitarfélagsins, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is), þann 19. desember 2022 var birt frétt undir heitinu „Byggðakvóti: Auglýst eftir athugasemdum um tillögur um sérreglur.“ Var almenningi gefinn frestur til 2. janúar 2023 til að senda inn athugasemdir um tillögur á [postur@isafjordur.is](mailto:postur@isafjordur.is).

Í kjölfar fréttarinnar bárust eftirfarandi sex erindi með tillögum eða athugasemdum um sérreglur:

1. Grétar Eiríksson, dags. 22. desember 2022, merkt „Byggðakvóti“.
2. Svanur Grétar Jóhannsson, f.h. Svanfjörð ehf., dags. 26. desember 2022, merkt „Úthlutun á byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2022/2023“.
3. Rúnar Karvel Guðmundsson, dags. 30. desember 2022, merkt „Tillaga um sérreglu á byggðakvóta Ísafjarðarbæjar“.
4. Gísli Páll Guðjónsson, dags. 2. janúar 2023, merkt „Byggðakvóti“.
5. Gunnar Torfason, f.h. Tjaldtanga ehf., dags. 2. janúar 2023, merkt „Byggðakvóti í Ísafjarðarbæ – Umsögn um sérreglur“.
6. Sigfús Bergmann Önundarson, f.h. 26 útgerða í Ísafjarðarbæ, dags. 2. janúar 2023, merkt „Tillögur að sérreglum varðandi byggðakvóta“.

Í kjölfar þessa var málið til vinnslu hjá starfsmönnum sveitarfélagsins, bæjarstjóra og verkefnastjóra á Flateyri. Sá síðastefndi tók saman tillögur og ábendingar útgerðarmanna á Flateyri og vistaði í skjalakerfi sveitarfélagsins, við vinnslu málsins. Horft var til fyrri reglna sveitarfélagsins og allra innsendra tillagna og ábendinga.

Fastir fundir bæjarráðs eru vikulega á mánudagsmorgnum, skv. 28. gr. bæjarmála-samþykktar. Næsti fundur eftir 19. desember 2022 féll á mánudaginn 26. desember 2022, sem var annar í jólum og almennur frídagur. Féll því sá fundur niður. Næsti reglulegi fundur bæjarráðs þar á eftir féll á mánudaginn 2. janúar 2023 en vegna jólaleyfa og áramóta féll sá fundur jafnframt niður.



Bæjarstjórn fundar 1. og 3. fimmtudag í mánuði, skv. 8. gr. bæjarmálasamþykktar, þ.e. 5. og 19. janúar 2023. Þar sem frestur ráðuneytisins var gefinn til 13. janúar 2023, og þar sem bæjarstjórn fer með ákvörðunarvald um samþykkt tillagna að sérreglum um byggðakvóta, sbr. ákvæði laga og reglugerða um málaflokkinn, var ákveðið að málið skyldi lagt beint fyrir bæjarstjórn til umræðu og samþykktar tillagna um sérreglur, án sérstakrar viðkomu í bæjarráði.

Fundur bæjarstjórnar þann 5. janúar 2023 (nr. 506) var boðaður þriðjudaginn 3. janúar 2023. Almennur og opin fundur bæjarstjórnar hófst kl. 17.00. Var bæjarfulltrúum send dagskrá fundar og fundargögn. Í dagskrá bæjarstjórnarfundar sagði í inngangi um umrætt mál: „Tillaga bæjastjóra um að sérreglur um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022-2023 verði óbreyttar frá fyrra ári“. Í fundarboði Hjördísar Þráinsdóttur, skjalastjóra og fundarritara, til bæjarfulltrúa, kom jafnframt eftirfarandi fram:

**Klukkustund fyrir fund, eða kl. 16:00, er ætlunin að hittast í fundarsal bæjarstjórnar og ræða sérreglur um úthlutun byggðakvóta, sem er fyrsta mál á dagskrá fundarins. Auglýst var eftir sjónarmiðum íbúa og hagsmunaaðila og var frestur gefinn til 2. janúar. Vegna þessa knappa tímaramma hefur ekki gefist tími til að fara yfir umsagnirnar og gera fullbúna tillögu að sérreglum, en þið hafið þá frest til að lesa umsagnirnar og ræða saman um mögulegar breytingatillögur fyrir bæjarstjórnarfundinn. Umsagnirnar eru allar með sem fylgiskjöl.**

Fundur var settur kl. 17.00 og lagði bæjarstjóri þá fram breytingatillögu frá upphaflegri tillögu um óbreyttar reglur frá fyrir árum (sjá meðfylgjandi breytingatillögu). Umrædd breytingatillaga var unninn af bæjarfulltrúum öllum á fyrrgreindum vinnufundi kl. 16.00, og lögð fram á bæjarstjórnarfundi. Bæjarstjóri las breytingatillöguna upp, enginn annar bæjarfulltrúi kvaðs sér hljóðs, og bar forseti bæjarstjórnar tillöguna upp til atkvæða. Var tillagan samþykkt samhljóða 9-0.

Þessi fundargerð 506. fundar bæjarstjórnar er birt á vef sveitarfélagsins, ásamt öllum fylgigögnum og umsögnum um málið, svo og breytingatillögunni sem var samþykkt af bæjarstjórn, um þær tillögur um sérreglur byggðakvóta sem bæjarstjórn óskaði eftir að ráðherra tæki til umfjöllunar.

Af málavaxtalýsingu þessari má sjá að mögulega gæti misskilnings hjá kærendum, og byggist það líklega á ónægum upplýsingum kæranda. Bæjarráði er ekki skylt að taka málið fyrir, heldur segir skýrlega í 5. mgr. 10. gr. laga 116/2006, og 3. gr. reglugerðar nr. 1370/2022, að sveitarstjórn fer með málið á sveitarstjórnarstigi og skuli senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur um byggðakvóta, ekki bæjarráð. Samkvæmt ákvæðum bæjarmálasamþykktar Ísafjarðarbæjar fara mál oft inn til bæjarráðs eða annarra fagnefnda, sem gera tillögur til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn, sem hefur æðsta ákvörðunarvald í málefnum sveitarfélagsins, er þó ávallt heimilt að taka mál fyrir án aðkomu fagnefnda, sé fundarboðun, gögn og fyrirvari í samræmi við sveitarstjórnarlög og bæjarmálasamþykkt, sbr. verkefnaskipan 4. tl. 10. gr. bæjarmálasamþykktar, sbr. og 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn, þ.e. meiri- og minnihluti, fór yfir málið á vinnufundi, allar umsagnir og ábendingar sem borist höfðu, og útbjó sameiginlega tillögu að sérreglum, þ.e. breytingatillögu frá boðaðri tillögu um óbreyttar reglur, sbr. fundarboð. Bæjarstjóri lagði breytingatillöguna formlega fyrir bæjastjórn, en enginn bæjarfulltrúi taldi frekari breytinga



eða umræðna þörf, enda það ekki skylt og ekki þörf séu bæjarfulltrúar bersýnilega sammála þeirri tillögu sem lögð er fram.

Engin ákvæði sveitarstjórnarlaga eða bæjarmálasamþykktar kveða á um lágmarkstíma þess sem nauðsynlegt er að ræða einstök mál, og getur sveitarfélagið því ekki séð að aðeins þriggja mínútna umræða (sé það rétt) gefi tilefni til þess að meta sem svo að ákvörðun bæjarstjórnar hafi verið ólögæt. Hið sama á við um rök kæranda um lágmarksfjölda bæjarfulltrúa sem kjósa að taka til máls.

Rangt er farið með að athugasemdir kæranda um sérreglur byggðakvóta hafi ekki verið lagðar fyrir formlegan fund bæjarstjórnar (sjá meðfylgjandi gögn), en öll ofangreind erindi voru lögð fyrir fundinn og birtast í rafrænni fundagátt bæjarfulltrúa.

Þá segir í kæru að taka þurfi málið fyrir í tveimur umræðum, án frekari rökstuðnings eða tilvísun í lagaheimildir. Sveitarfélagið telur að þetta sé á misskilningi byggt, en aðeins stefnumarkandi áætlanir, ársreikningar og breyting samþykktar og reglna sem þurfa staðfestingu ráðherra, auk tillagna um samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaga, þarf að taka fyrir í tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. og 15. gr. bæjarmálasamþykktar. Tillögur bæjarstjórnar til ráðuneytisins um einstök mál falla þar ekki undir, enda er ekki um reglur sveitarstjórnar að ræða til staðfestingar ráðherra. Ráðherra fer með lokaákvörðunarvald reglna um byggðakvóta, sbr. 10. gr. laga nr. 116/2006 og 3. gr. rgl. 1370/2022.

Þá skal jafnframt bent á að sveitarstjórn er ekki skylt að óska eftir ábendingum frá almenningi, útgerðaraðilum eða öðrum hagsmunaaðilum, en var það þó gert. Þá er sveitarstjórn ekki skylt að taka til greina innsendar ábendingar eða athugasemdir. Það virðist þó ekki vera málsástæða kærunnar, á það er þó bent.

Ísafjarðarbær telur með hliðsjón af ofangreindu að fylgt hafi verið sveitarstjórnarlögum og stjórnsýslulögum í hvívetna í máli þessu, svo og reglum um meðferð tillagna um byggðakvóta. Þá er því hafnað að umsögn kæranda hafi ekki verið tekin til efnislegrar umfjöllunar hjá sveitarfélaginu, sbr. meðfylgjandi gögn.

Varðandi eignatengsl Ísafjarðarbæjar og fjárfestingarfélagsins Hvetjanda hf. skal upplýst að félagið var stofnað í upphafi árs 2004, í framhaldi af samþykkt þingsályktunar á Alþingi um byggðamál árið 1999 þar sem Byggðastofnun var heimilað að taka þátt í stofnun eignarhaldsfélaga með 40% framlagi á móti 60% framlagi heimamanna í formi hlutfjár. Var fjármagninu ætlað að styrkja atvinnuþróunarmál í kjördæmum landsins. Félagið er í eigu Byggðastofnunar og sveitarfélaga, stofnanna, félagasamtaka og fyrirtækja á Vestfjörðum. Ísafjarðarbær á 19,09% eignarhlut í félaginu (sbr. hluthafaskrá frá desember 2022), og er fjöldi fyrirtækja í ýmissi starfsemi í eignasafni félagsins. Tólf hluthafar eru skráðir skv. ársreikningi 2021, og eru eignarhlutir í á annan tug félaga, öll á Vestfjörðum.

Samkvæmt fjárfestingarstefnu félagsins skal framkvæmdastjóri meta þau verkefni sem félaginu berast og leggur fyrir stjórn. Ennfremur leggur hann fram greinargerð um einstök félög telji hann um álitlegan fjárfestingarkost að ræða. Verkefni sem þannig berast til stjórnar skulu hafa fengið umsögn hjá fagráði eða sambærilegum umsagnaraðila. Jafnframt leggur framkvæmdastjóri fram tillögu um fjárfestingu í félaginu og hugsanleg skilyrði vegna þessa. Stjórn tekur í kjölfarið ákvörðun um fjárfestingu. Ákvarðanir skulu teknar með samhljóða atkvæðum stjórnarmanna.



Í kærú segir að bæjarstjóri, vegna setu sinnar í stjórn Hvetjandi, og jafnvel bæjarstjórnin öll, sé vanhæf til töku ákvörðunar um tillögur um sérreglur um byggðakvóta.

Í 20. gr. sveitarstjórnarlaga er fjallað um hæfi sveitarstjórnarmanna til þátttöku í meðferð og afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, og gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögunum.

Með hliðsjón af 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni skv. þar til greindum reglum og ákvæðum í rgl. sem ráðherra setur. Í samræmi við 5. mgr. 10. gr. laga 116/2006, getur ráðherra heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

Ekki verður því séð að tillögur um sérreglur samþykktar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar sé stjórnsýsluákvörðun, sem falli undir hæfisreglur stjórnsýslu- og sveitarstjórnarlaga.

Stjórnvaldsákvörðun er ákvörðun sem tekin er í skjóli stjórnsýsluvalds og er beint og milliliðalaust út á við og að tilteknum aðila eða aðilum og með henni er kveðið á bindandi hátt um rétt eða skyldur þeirra í ákveðnu og fyrirliggjandi máli.

Ekki verður séð að um *bindandi úrlausn sveitarstjórnar* sé að ræða, þar sem aðeins er um að ræða tillögur sveitarstjórnar, sem ráðherra er heimilt að samþykkja eða hafna. Auk þessa ber lagaákvæðið með sér að *ekki sé um að ræða bindandi umsagnir* sveitarstjórnar, enda er um *frjálsa álitsumleitun* að ræða hjá ráðherra, sem ráðherra getur ákveðið að samþykkja eða hafna í kjölfarið. Þá fer ráðherra með lokaákvörðunarvald um reglur um byggðakvóta.

Þá verður að telja að ákvörðun ráðherra um sérreglur um úthlutun byggðakvóta, byggt á tillögum bæjarstjórnar geti ekki talist stjórnsýsluákvörðun, enda er um stjórnsýslufyrirmæli ráðherra að ræða sem *beint er út á við*, en þó ekki að nafngreindum aðilum og felur í sér réttarreglur *ótiltekins fjölda*. Ákvörðun bæjarstjórnar um tillögur, sem sendar eru ráðherra, og ákvörðun ráðherra um reglurnar, telst jafnframt ekki ákvörðun *í ákveðnu og fyrirliggjandi máli*, heldur tillögur um reglur sem teljast almenn fyrirmæli sem fela í sér réttarreglur og taka til allra sem falla undir þær.

Samþykktar tillögur bæjarstjórnar geta því ekki talist stjórnsýsluákvörðun, ekki frekar en ákvörðun ráðherra um sérreglur byggðakvóta, og þar af leiðandi getur bæjarstjóri eða aðrir bæjarfulltrúar ekki talist vanhæfir til töku stjórnsýsluákvörðunar á grundvelli stjórnsýslulaga, sveitarstjórnarlaga eða bæjarmálasamþykktar, enda telst ákvörðun bæjarstjórnar ekki falla undir lögin og vanhæfisreglur þeirra.

Telji ráðuneytið að samþykktar tillögur sveitarstjórnar til ráðherra um sérreglur, teljist uppfylla skilyrði um að vera stjórnsýsluákvörðun, sbr. þó ofangreind rök um hið gagnstæða, telur sveitarfélagið að ákvörðun um samþykkt tillögu á fundi bæjarstjórnar 5.



janúar 2023, geti samt sem áður ekki leitt til vanhæfis einstakra bæjarfulltrúa. Ekki er um einstakan málsaðila að ræða við ákvörðun í málinu, ekki er verið að taka ákvörðun um rétt og/eða skyldu einstaklings eða fyrirtækis, og því ekki vanhæfi á grundvelli skyldleika, vinfengis, fjárhagslegra tengsla eða annarra sérstakra eða verulegra hagsmuna sem mótað geta viljaafstöðu bæjarstjóra eða annarra bæjarfulltrúa.

Aðalfjórðingarsjónarmið fjórðingarfélagsins Hvetjanda hf. er byggðastefna og atvinnuuppbygging á Vestfjörðum, en ekki fjórðingarfélag með það meginmarkmið að kaupa og selja fyrirtæki til að hámarka arðsemi eigenda. Minnst er á þrjú fyrirtæki í kæru kæranda. Eitt þeirra, Iceland Sea Angling, er ferðaþjónustufyrirtæki í Súðavíkurbæjar og verður því ekki séð að það hafi nokkur tengsl við tillögur um sérreglur Ísafjarðarbæjar á byggðakvóta. Fiskvinnslan Íslandssaga er eigandi í Hvetjanda, sem aftur á eignarhlut í félaginu. Þá er stjórnarformaður Hvetjanda bæjarstjóri í Bolungarvíkurkaupstað sem aftur hefur ekkert með tillögur Ísafjarðarbæjar um byggðakvóta að gera.

Þrátt fyrir þessi minniháttar eignatengsl Ísafjarðarbæjar í ýmsum félögum á Vestfjörðum í gegnum Hvetjanda verður ekki séð að stjórnarseta bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar skapi þannig tengsl að það leiði til vanhæfis bæjarstjóra eða annarra bæjarfulltrúa til samþykktar tillagna til ráðherra um sérreglur til ráðuneytisins. Um óverulega hagsmuni er að ræða hjá sveitarfélaginu, enda hefur hagnaður Hvetjanda hf., þau ár sem einhver hefur verið, aldrei verið greiddur út til hluthafa frá stofnun árið 2004. Hagnaður er aðeins nýttur til frekari fjórðinga og atvinnuuppbyggingar í héraði, enda er það megingilgangur með stofnun félagsins. Að lokum verður ekki séð að sérreglur um byggðakvóta geti haft þau áhrif að þær séu einungis til hagsbóta fyrir þau félög sem eignarhlutur Hvetjanda nær til, en ekki önnur félög í sambærilegri starfsemi, og er það órökstutt í kæru, eða að hagsmunir séu þar að auki bæði verulegir, fyrirliggjandi, fyrirsjáanlegir og raunhæfir í nálægðri framtíð, sem eru skilyrði þess að einstaklingur (bæjarfulltrúi í þessu tilfalli) teljist vanhæfur.

F.h. Ísafjarðarbæjar  
Arna Lára Jónsdóttir  
bæjarstjóri  
(undirritað rafrænt)

Fylgiskjöl:

- 1-2) Tölvupóstur frá Sigurbjörgu Óladóttur, matvælaráðuneyti, til Ísafjarðarbæjar, dags. 12.12.22 og áframsendingar innan stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar.
- 3-4) Erindi matvælaráðuneytisins vegna úthlutunar byggðakvóta, dags. 12.12.22.
- 5-6) Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum frá Ísafjarðarbæ fyrir 2021/2022.
- 7-8) Leiðbeiningar vegna samantektar og afgreiðslu á tillögum sveitarstjórna um sérstök skilyrði (sérreglur) vegna byggðakvóta á fiskveiðiarinu 2022/2023.
- 9-13) Fundargerð 1224. fundar bæjarráðs, dags. 19.12.22.



- 14-16) Tölvupóstur frá Hjörleifi Finnssyni, verkefnastjóra á Flateyri, dags. 16.12.22, og tillögur um útfyllingu eyðublaðs ráðuneytisins, vegna vinnslu tillagna frá útgerðarmönnum á Flateyri.
- 17) Tilkyning frá skjalastjóra og ritara 1224. fundar bæjarráðs, til bæjarstjóra, um bókun bæjarráðs vegna málsins.
- 18-21) Tölvupóstur frá skjalastjóra og ritara 506. fundar bæjarstjórnar, um fundarboð og dagskrá 506. fundar bæjarstjórnar, kl. 17.00, auk vinnufundar, samdægurs 5. janúar 2023, kl. 16.00.
- 22) Breytingatillaga, unnin af bæjarstjórn á vinnufundi 5.1.23, kl. 16.00.
- 23) Skjáskot af fundargerðar- og skjalavörslukerfi Ísafjarðarbæjar vegna 1. liðar á dagskrá 506. fundar bæjarstjórnar, þar sem fram kemur inngangur málsins, breytingatillaga, bókun og samþykkt. Jafnframt þau 11 gögn sem fylgdu fundarboði og voru aðgengileg bæjarfulltrúum í fundargátt sveitarfélagsins.
- 24-27) Fundargerð 506. fundar bæjarstjórnar, dags. 5.1.23.
- 28) Auglýsing á vef Ísafjarðarbæjar, [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is), þar sem auglýst var eftir athugasemdum um tillögur um sérreglu um byggðakvóta, dags. 19.12.22.
- 29) Innsend tillaga frá Grétari Eiríkssyni, dags. 22.12.22, merkt „Byggðakvóti“.
- 30) Innsend tillaga frá Svani Grétari Jóhannssyni, f.h. Svanfjörð ehf., dags. 26.12.22, merkt „Úthlutun á byggðakvóta fyrir fiskveiðiráðið 2022/2023“.
- 31) Innsend tillaga frá Rúnari Karvel Guðmundssyni, dags. 30.12.22, merkt „Tillaga um sérreglu á byggðakvóta Ísafjarðarbæjar“.
- 32) Innsend tillaga frá Gísla Pála Guðjónssyni, dags. 2.1.23, merkt „Byggðakvóti“.
- 33-35) Innsend tillaga frá Gunnari Torfasyni, f.h. Tjaldtanga ehf., dags. 2.1.23, merkt „Byggðakvóti í Ísafjarðarbæ – Umsögn um sérreglu“.
- 36-41) Innsend tillaga frá Sigfúsi Bergmann Önundarsyni, f.h. 26 útgerða í Ísafjarðarbæ, dags. 2.1.23, merkt „Tillögur að sérreglu varðandi byggðakvóta“.

